



Fjármálaráðuneytið  
Sigðurður Guðmundsson  
Arnarhváli  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 141/1110*  
*komudagur 17.12.2012*

### **Bókun vegna starfs í vinnuhópi um endurskoðun vörugjalda á matvæli**

Síðastliðið vor var skipaður vinnuhópur til að gera tillögur um breytingar sem æskilegt væri að gera á núverandi fyrirkomulagi á vörugjöldum á matvæli. Markmiðið var að gera það einfaldara, samræmt, skilvirkt og hlutlaust með tilliti til vöruvals, nema þar sem stjórnvöld vildu hafa áhrif á neysluhætti, t.d. vegna mannelis-, umhverfis- eða öryggissjónarmiða, eins og segir í skipunarbréfi hópsins. Í skipunarbréfinu kom fram að ekki stæði til að draga úr tekjum ríkisins af vörugjöldum en ekki var heldur hægt að skilja að til stæði að auka tekjur af vörugjöldum á matvæli. Í hópnum áttu sæti fulltrúar Félags atvinnurekenda (FA), Neytendasamtakanna (NS), Samtaka iðnaðarins (SI) og Samtaka verslunar og þjónustu (SVP), auk fulltrúa Bændasamtaka Íslands (BÍ), Landlæknisembættis og fjármálaráðuneytis. Fulltrúar FA, NS, SI og SVP eru sammála um að starf hópsins hafi að litlu sem engu leyti snúist um lagfæringar á vörugjaldskerfinu, heldur eingöngu um tilraunir stjórnvalda til að réttlæta yfirvofandi hækkunar á vörugjöldum sem þó var ekki gert opinbert í hópnum fyrr en eftir að fjárlagafrumvarpið var lagt fram á Alþingi. Fulltrúar ofangreindra samtaka lýsa yfir óánægju með þessi vinnubrögð. Í ofanálag er þess víða getið í fjárlagafrumvarpinu, og haft eftir ráðuneytinu í frétt í Morgunblaðinu, að tillögur um vörugjaldshækkunar séu frá starfshópnum komnar. Það er fjarri öllu sanni. Tillögurnar eru alfarið ráðuneytisins og fulltrúar samtakanna frábiðja sér að eiga nokkurn þátt í þeim.

SVP, SI, NS og FA hafa lengi barist fyrir afnámi vörugjalda af matvöru og að samræma alla skattheimtu af matvælum í einu þrepi í virðisaukaskatti. Slíkt fyrirkomulag hefði ótvíráða kosti fram yfir núverandi kerfi sem er bæði ósanngjarnt og óskilvirkt, jafnframt því að vera kostnaðarsamt í framkvæmd. Skattheimta af matvælum á einum stað í skattkerfinu væri því til einföldunar fyrir alla og drægi verulega úr kostnaði við skattkerfið, bæði í atvinnulífinu og hjá hinu opinbera.

Samtökin gera sér þó grein fyrir að við núverandi aðstæður er vart pólitískur vilji fyrir hækkun á neðra þrepi virðisaukaskatts á móti niðurfellingu vörugjalda. Af þessum sökum samþykktu samtökin að taka þátt í vinnu við endurskoðun vörugjalda á matvöru í núverandi mynd eins og fram kemur að ofan. Eftir að frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2013 var lagt fram liggur fyrir að stjórnvöld hyggjast ná 800 milljónum í viðbótartekjur í formi vörugjalda á matvæli, eða hækkun úr um 2,2 milljörðum í um 3 milljarða. Skal spjótunum einkum beint að matvöru sem inniheldur viðbættan sykur. Þessi hækkun er öllum samtökunum mikil vonbrigði, þar sem með því er gengið gegn því sem legið hafði fyrir í samskiptum samtakanna við fjármálaráðuneytið.

Þessi tillaga stjórnvalda er réttlætt með vísan til mannelðissjónarmiða en í henni felst sú undarlega þversögn að ekki er gert ráð fyrir að neysla sykraðrar matvöru dragist neitt saman við hækkun verðlags. Verður því að álykta að vísan í mannelðismarkmið sé yfirvarpið eitt. Fylgni milli sykurneyslu og holdafars er enda afar óljós. Á sama tíma og dregið hefur úr sykurframboði á íslenskum neytendamarkaði hefur þyngdarstuðull þjóðarinnar aukist jafnt og þétt. Aðrir þættir en sykurneysla hljóta því að eiga stóran hlut í vaxandi þyngd þjóðarinnar. Óskynsamlegt er að leggja skatta á vörur byggð á óljósum tengslum neyslu og holdafars. Ólíklegt er að hækkun vörugjalda á margvíslegar sykraðar vörur hafi áhrif á heilsu- eða holdafar landsmanna en mun koma hart niður á innflytjendum, framleiðendum og neytendum.


Útfærsla á skattheimtunni liggur ekki fyrir. Hér er um flókið og vandasamt verkefni að ræða og ekki hægt að ljúka vinnu starfshópsins án þess að tillögur ráðuneytisins verði nákvæmlega útfærðar þannig að jafnræðis sé gætt milli fyrirtækja sem fyrir gjaldinu verða.

Samtökin leggja því til að starfshópurinn, í heild eða hluta, haldi áfram störfum með það að markmiði að útfæra áætlaðar vörugjaldshækkanir þannig að þær verði sem einfaldastar og gagnsæjastar fyrir atvinnulífið. Jafnframt er lagt til að verði umræddar breytingar að veruleika, verði náði fylgst með eftirspurn þeirra vara sem vörugjöldin ná til, þannig að hægt verði að leggja mat á hvort breytingar á skattheimtu leiða til breyttrar neysluhegðunar neytenda.

Samtökin lýsa yfir andstöðu við þá leið sem starfshópnum er gert að fara þ.e. að leiða vörugjaldshækkanir yfir fyrirtæki og neytendur í landinu. Þau telja hins vegar að hagsmunum skjólstaðinga sinna sé best borgið með áframhaldandi vinnu í starfshópnum til að tryggja sem besta útfærslu á ætluðum hækkunum.

Samtökin leggja til að hið fyrsta verði undið ofan af vörugjaldskerfinu hér á landi. Jafnframt að fjármálaráðuneytið skipi samstarfshóp er hefji nú þegar vinnu við útreikning á því hvernig hægt er að tryggja óbreyttar tekjur ríkissjóðs með einföldun skattkerfisins. Að horft verði sérstaklega til þess að breyta neðra þrepi virðisaukaskatts gegn m.a. niðurfellingu vörugjalda á matvæli, afnámi ýmissa sérskatta og hvort og þá hvaða áhrif þær kerfisbreytingar myndu hafa á verðlag og þannig á vísitöluútreikning.

Félag atvinnurekenda




Almar Guðmundsson

Neytendasamtökin




Jóhannes Gunnarsson

Samtök iðnaðarins



Ragnheiður Héðinsdóttir

Samtök verslunar og þjónustu



Haraldur Jónsson